



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Rekstrarleyfi leikskólans Öskju***


Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. desember 2018, um ósk Hjallastefnunnar ehf. um að opna ungbarnadeild í leikskólanum Öskju ásamt nýju rekstrarleyfi fyrir leikskólann Öskju og bréfi Hjallastefnunnar ehf., dags. 5. maí 2018.

Rekstrarleyfið var samþykkt.  
Hér með sent borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 4. desember 2018  
Nýtt rekstrarleyfi



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 4. desember 2018  
SFS2018060264  
150. fundur  
HG/img/ehp

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Ósk um opnun ungbarnadeildar í leikskólanum Öskju*

Fyrir liggur beiðni frá Hjallastefnunni ehf. um breytta samsetningu á barnahópnum í leikskólanum Öskju og um að bæta við ungbarnadeild.

Núverandi rekstrarleyfi leikskólans gerir ráð fyrir 137 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Greitt var framlag vegna 102 reykvískra barna í október 2018.

Áætluð breyting kveður á um breytta samsetningu barnahópsins og verða eftir breytinguna heimilt að vista inn 16 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að Öskju verði heimilað að vera með 137 börn, þar af 16 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.

## Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Öskju

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Hjallastefnunni kt. 540599-2039 leyfi til að reka leikskólann Öskju.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Nauthólsvegi 87 í Reykjavík og af hluta húsnæðis Barnaskóla Hjallastefnunnar einnig að Nauthólsvegi 87 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 137 börn, þar af 16 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða.

Starfræktur hefur verið leikskóli í húsnæðinu að Nauthólsvegi 87 um nokkurra ára skeið. Fyrir liggja tilskilin leyfi til að reka leikskóla í húsnæðinu. Vinnueftirlit ríkisins og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa eftirlit með húsnæðinu. Engar athugasemdir hafa borist skóla- og frístundasviði um að húsnæðið uppfylli ekki kröfum sem gerðar eru til starfseminnar. Vottorð liggur fyrir frá Heilbrigðiseftirlitinu og Vinnueftirlitnu vegna þess hluta Barnaskóla Hjallastefnunnar sem mun hýsa 5 ára börn leikskólans Öskju. Ekki er gerð athugasemd við að allt að 36 fimm ára börn verði í húsnæðinu sem nú er rekinn sem grunnskóli.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2017.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, x.x 2018

---

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.